

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Áritun skoðunarmanna	6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8 - 9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11 - 19

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga svf.
Strandgötu 1
530 Hvammstanga
kt. 680169-1879

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Meginstarfsemi Kaupfélags Vestur-Húnavetninga felst í verslunarrekstri á sviði matvöru, sérvöru og byggingavöru.

Starfsemin á árinu

Heildarvelta félagsins nam 975,9 milljónum króna á árinu og hagnaður ársins var 50,0 milljónir króna samanborið við 863,9 milljóna króna veltu og 50,2 milljóna króna hagnað á árinu 2019. Fjöldi ársverka á árinu voru 20.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði árið 2021 og hann var á árinu 2020.

Áhrif Covid-19 heimsfaraldurs á rekstur félagsins

Stjórnendur félagsins hafa yfirfarið áhrif COVID-19 heimsfaraldursins. Þrátt fyrir áhættu tengda honum í rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi og erlendis er það mat stjórnenda félagsins að faraldurinn hafi ekki haft áhrif á rekstrarhæfi eða mat eigna og skulda félagsins. Ekkert bendir til þess að það mat breytist í fyrirsjáanlegri framtíð. Engir aðrir viðbótaráhættuþættir eru hjá félaginu umfram það sem greint er frá í ársreikningi þessum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Eignaraðild

Félagsmenn í árslok voru 380 í 6 félagsdeildum en voru 383 í ársbyrjun. Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og önnur réttindi þar sem stofnsjóður er eingöngu í A-deild.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Engir verulegir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsárs.

Stjórn Kaupfélags Vestur-Húnvetninga og kaupfélagsstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 14. júní 2021



Ársæll Daníelsson
Meðstjórnandi




Gunnar Þórarinnsson
Stjórnarformaður



Rafn Benediktsson
Meðstjórnandi



Sigtryggur Sigurvaldason
Meðstjórnandi



Þorsteinn H. Sigurjónsson
Meðstjórnandi



Björn Línal Traustason
Kaupfélagsstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Vestur-Húnavetninga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Vestur-Húnavetninga fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
 - Rekstrarreikning fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.
 - Efnahagsreikning þann 31. desember 2020.
 - Stjóðstreymi fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og kaupfélagsstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og kaupfélagsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og kaupfélagsstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Akureyri, 14. júní 2021

PricewaterhouseCoopers ehf



Rúnar Bjarnason
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Vestur-Húnavetninga

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kaupfélags Vestur-Húnavetninga höfum yfirfarið ársreikning þennan. Að okkar áliti gefur hann glögga mynd af rekstri félagsins og fjárhagslegri stöðu í lok ársins 2020.

Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Hvammstanga, 14. júní 2021

Guðmundur Guðmundsson
Ragnor Gunnarsson

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Sala verslunardeilda		944.176.078	832.248.865
Sala afurða		3.583.222	4.206.166
Aðrar tekjur		28.147.421	27.448.276
		<u>975.906.721</u>	<u>863.903.307</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		737.690.685	661.041.944
Laun og launatengd gjöld	16	174.505.934	148.902.114
Annar rekstrarkostnaður		38.790.861	37.536.529
Afskriftir	4	10.957.252	11.186.078
		<u>961.944.732</u>	<u>858.666.665</u>
Rekstrarhagnaður		13.961.989	5.236.642
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur	3	7.571.282	10.483.223
Vaxtagjöld og verðbætur		(6.818.296)	(7.454.722)
Tekjur (gjöld) af verðbréfum		(5.000.000)	147.200
		<u>(4.247.014)</u>	<u>3.175.701</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	5	43.280.840	43.493.078
Hagnaður fyrir skatta		52.995.815	51.905.421
Tekjuskattur	8	(2.946.575)	(1.656.529)
Hagnaður ársins		<u>50.049.240</u>	<u>50.248.893</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir:	4		
Fasteignir		145.994.748	145.695.875
Vélar, áhöld og innréttingar		26.714.343	30.034.176
Bírfreiðar		231.076	300.397
		<u>172.940.167</u>	<u>176.030.448</u>
 Fjáreignir:			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	5	264.040.396	225.759.555
Eignarhlutir í öðrum félögum	6	6.988.715	11.988.715
Skuldabréfaeign	7	18.212.564	16.345.321
Tekjuskattseign	8	2.350.826	3.338.582
		<u>291.592.502</u>	<u>257.432.173</u>
 Fastafjármunir samtals		464.532.669	433.462.621
 Veltufjármunir			
Birgðir	9	114.510.746	115.863.626
Næsta árs afborgun af skuldabréfum	7	3.423.635	2.844.869
Viðskiptakröfur	10	121.294.177	133.735.038
Krafa á tengda aðila	15	4.179.174	2.124.859
Aðrar skammtímakröfur		20.858.066	18.442.508
Handbært fé		66.714.049	21.431.306
		<u>330.979.847</u>	<u>294.442.206</u>
 Eignir samtals		<u>795.512.515</u>	<u>727.904.828</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Stofnsjóður félagsmanna		2.008.553	2.046.403
Lögbundinn varasjóður		502.138	511.601
Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu		21.265.683	20.548.096
Menningarsjóður		166.320	193.002
Bundinn hlutdeildarreikningur		130.878.917	87.598.076
Óráðstafað eigið fé		<u>413.142.272</u>	<u>407.081.998</u>
		567.963.884	517.979.175
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Lán til lengri tíma en árs	12	16.260.670	20.325.837
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	13	133.866.197	127.031.440
Aðrar skammtímaskuldir		38.578.562	30.417.112
Skuld við tengda aðila	15	32.819.216	28.086.095
Næsta árs afborganir langtímalána	12	4.065.168	4.065.168
Ógreiddir skattar	8	<u>1.958.819</u>	<u>0</u>
		211.287.961	189.599.815
Skuldir samtals		227.548.631	209.925.652
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>795.512.515</u></u>	<u><u>727.904.828</u></u>
 Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	14		
Aðrar upplýsingar	16		

Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		50.049.240	50.248.893
Rekstraraliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	10.957.252	11.186.078
Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga	5	(43.280.840)	(43.493.078)
Aðrir liðir		5.399.701	1.654.491
		<u>23.125.353</u>	<u>19.596.383</u>
 Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		10.025.303	(6.112.332)
Birgðir		1.352.880	(17.829.064)
Hækkun rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>16.955.025</u>	<u>20.180.611</u>
		<u>28.333.208</u>	<u>(3.760.785)</u>
 Handbært fé frá rekstri		51.458.561	15.835.598
 Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	4	(7.866.971)	(15.107.384)
Kaupverð eignarhluta í félögum		0	(5.000.000)
Arður frá hlutdeildarfélagi	5	5.000.000	5.000.000
Nýjar langtímakröfur		(4.260.245)	0
Afborganir langtímakrafna		<u>2.402.291</u>	<u>2.335.338</u>
		<u>(4.724.925)</u>	<u>(12.772.046)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar afborganir langtímaskulda		(4.065.167)	(4.065.168)
(Hækkun) krafna á tengda aðila	15	(2.054.315)	(475.057)
Hækkun (lækkun) skulda við tengda aðila	15	4.733.121	(6.740.650)
Aðrar breytingar		<u>(64.532)</u>	<u>(104.768)</u>
		<u>(1.450.893)</u>	<u>(11.385.643)</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé		45.282.743	(8.322.091)
 Handbært fé í ársbyrjun		<u>21.431.306</u>	<u>29.753.397</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>66.714.049</u></u>	<u><u>21.431.306</u></u>
 Aðrar upplýsingar:			
Innborgaðar vaxtatekjur		7.453.031	10.493.041
Greiddir vextir		(6.863.159)	(7.490.089)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga er samvinnufélag með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Strandgötu 1, 530 Hvammstanga.

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Innlaun tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

1.3 Aðrar tekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samninga. Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og eignarhlutum í félögum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.5 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok ársins. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2021. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

1.6 Efnislegar eignir

Eignir eru skráðar meðal efnislegra eigna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða varanlega rekstrarfármuni sem eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	25-50 ár
Áhöld og innréttingar	6-10 ár
Bifreiðar	6-10 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.7 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í félögum eru að jafnaði eignfærðir á kostnaðarverði.

Eignarhlutar sem tapast hafa vegna gjaldþrota, nauðasamninga eða eignaleysis viðkomandi félaga eru gjaldfærðir í rekstrareikningi.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Önnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Önnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

1.8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.9 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði.

Skýringar

1.10 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.11 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur/hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

1.12 Tekjuskattseign

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færast til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinneign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattseign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattseign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

1.13 Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign, sem ætlað er að eiga fram að gjalddaga, er færð á kostnaðarverði sem samanstendur af kaupverði og beinum kostnaði við öflun þeirra.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. útlánaáhættu vegna krafna, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- kröfur / skuldir	Aðrir liðir	Samtals 2020	Samtals 2019
Vaxtatekjur og verðbætur	60.528	940.197	6.570.557	7.571.282	10.483.223
Vaxtagjöld og verðbætur	(2.181.426)	(914.511)	(3.722.359)	(6.818.296)	(7.454.722)
Tekjur (gjöld) af verðbréfum ...	0	0	(5.000.000)	(5.000.000)	147.200
	<u>(2.120.898)</u>	<u>25.686</u>	<u>(2.151.802)</u>	<u>(4.247.014)</u>	<u>3.175.701</u>

Gjöld af verðbréfum er vegna tapaðs eignarhlutar í Gauksmýri ehf.

4. Efnislegar eignir

Efnislegar eignir og afskriftir greinast þannig 2019:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð 1/1	140.198.789	31.332.665	577.688	172.109.142
Viðbætur á árinu	11.638.816	3.468.568	0	15.107.384
Afskrifað á árinu	<u>(6.141.730)</u>	<u>(4.767.057)</u>	<u>(277.291)</u>	<u>(11.186.078)</u>
Bókfært verð 31/12	<u>145.695.875</u>	<u>30.034.176</u>	<u>300.397</u>	<u>176.030.448</u>
Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	271.285.339	139.866.649	2.310.757	413.462.745
Afskrifað samtals	<u>(125.589.464)</u>	<u>(109.832.473)</u>	<u>(2.010.360)</u>	<u>(237.432.297)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>145.695.875</u>	<u>30.034.176</u>	<u>300.397</u>	<u>176.030.448</u>

Efnislegar eignir og afskriftir greinast þannig 2020:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð 1/1	145.695.875	30.034.176	300.397	176.030.448
Viðbætur á árinu	5.824.113	2.042.858	0	7.866.971
Afskrifað á árinu	<u>(5.525.240)</u>	<u>(5.362.691)</u>	<u>(69.321)</u>	<u>(10.957.252)</u>
Bókfært verð 31/12	<u>145.994.748</u>	<u>26.714.343</u>	<u>231.076</u>	<u>172.940.167</u>
Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	277.109.452	141.909.507	2.310.757	421.329.716
Afskrifað samtals	<u>(131.114.704)</u>	<u>(115.195.164)</u>	<u>(2.079.681)</u>	<u>(248.389.549)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>145.994.748</u>	<u>26.714.343</u>	<u>231.076</u>	<u>172.940.167</u>

Fasteignir félagsins sundurliðast þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Strandgata 1, 530 Hvammstanga	211.300.000	1.048.090.000	145.994.748

Vátryggingarverð véla, áhalda, innréttinga og bifreiða er 123,4 milljónir króna í árslok.

Skýringar

5. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Reykjahöfði ehf. Sláturh. KVH ehf. Strandgötu 1, Norðurbraut 24, Hvammstanga Hvammstanga		
	25%	50%	Samtals
Staða 1/1	2.883.625	222.875.930	225.759.555
Hlutdeild í arði	0	(5.000.000)	(5.000.000)
Hlutdeild í (tapi) hagnaði	(894.281)	44.175.122	43.280.841
Staða 31/12	<u>1.989.344</u>	<u>262.051.052</u>	<u>264.040.396</u>

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutd. í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Ámundakinn ehf	0,42%	923.631	1.638.945
Brauð- og kökugerðin hf	50,00%	600.000	600.000
Fóðurblandan hf	0,39%	3.688.770	3.688.770
Húnakorn ehf	5,71%	125.000	125.000
Ístex hf	1,31%	736.000	736.000
Selasetur Íslands ehf	17,31%	580.000	100.000
Selasigling ehf	3,85%	100.000	100.000
		<u>6.753.401</u>	<u>6.988.715</u>

7. Skuldabréfaeign

Afborganir af skuldabréfaeign og öðrum langtímakröfum í árslok 2020 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2021	3.423.635
Árið 2022	3.423.635
Árið 2023	3.423.635
Árið 2024	3.423.635
Árið 2025	2.915.839
Síðar	<u>5.025.822</u>
	<u>21.636.199</u>

Skuldabréfaeign, samtals 21,6 millj. króna kemur þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2021, færðar meðal veltufjármuna	3.423.635
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>18.212.564</u>
	<u>21.636.199</u>

Skýringar

8. Tekjuskattseign og tekjuskattur

Breyting tekjuskattseignar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattseign 1/1	3.338.582
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	(2.946.575)
Tekjuskattur til greiðslu 2021 vegna 2020	1.958.819
Tekjuskattseign 31/12	<u>2.350.826</u>

Tekjuskattseign (-skuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Staða 1.1.	Staða 31.12.
Efnislegar eignir	(2.434.590)	(3.010.639)
Viðskiptakröfur	5.360.756	5.361.465
Yfirfæranlegt tap	412.416	0
	<u>3.338.582</u>	<u>2.350.826</u>

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2020	2019
Hagnaður fyrir skatta	52.995.815	51.905.421
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall	10.599.163	10.381.084
Skattfrjálsar tekjur (varanl. mism., hlutdeildartekjur og söluhagn. eignarhluta)	(7.656.168)	(8.728.056)
Ófrádráttarbær gjöld	3.580	3.500
Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>2.946.575</u>	<u>1.656.529</u>

9. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	31.12.2020	31.12.2019
Kjörbúð	44.593.480	39.793.382
Byggingavörudeild	20.389.253	21.361.080
Pakkhús	49.528.013	54.709.163
	<u>114.510.746</u>	<u>115.863.626</u>

Vátryggingarverð birgða er 169,8 milljónir króna í árslok.

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptamenn	148.101.501	160.538.816
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(26.807.324)	(26.803.778)
	<u>121.294.177</u>	<u>133.735.038</u>

Skýringar

10. Viðskiptakröfur (frh.)

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Staða 1/1	26.803.778	27.018.552
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(21.921)	0
Framlag í afskriftareikning, hækkun	25.467	(214.774)
Staða 31/12	<u>26.807.324</u>	<u>26.803.778</u>

11. Eigið fé

Breytingar á eiginfjárreikningum greinast þannig:

Stofnsjóður félagsmanna:	2020	2019
Staða 1/1	2.046.403	2.123.272
Greitt úr stofnsjóði	(93.015)	(134.538)
Vextir	70.735	73.935
Fjármagnstekjuskattur	(15.570)	(16.266)
	<u>2.008.553</u>	<u>2.046.403</u>
Annað eigið fé:		
Lögbundinn varasjóður:		
Staða 1/1	511.601	530.818
Millifært (á) óráðstafað eigið fé	(9.463)	(19.217)
	<u>502.138</u>	<u>511.601</u>
Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu:		
Staða 1/1	20.548.096	20.015.408
Verðbætur	717.587	532.688
	<u>21.265.683</u>	<u>20.548.096</u>

Sjóðurinn var upphaflega 10 milljónir króna og er verðbættur frá þeim tíma sem hann var fullmyndaður. Tilgangur sjóðsins er stuðningur við mjólkurframleiðslu á svæði Kaupfélagsins. Verði Kaupfélagið lagt niður eða sameinað verður sjóðurinn í umsjón mjólkurframleiðenda í Húnaþingi vestra.

Eftirstöðvar lána úr sjóðnum til kvótakaupa í mjólkurframleiðslu voru í árslok 19,6 milljónir króna.

Menningarsjóður:		
Staða 1/1	193.002	220.900
Tillög í sjóðinn	223.318	222.102
Veitt fé úr menningarsjóði	(250.000)	(250.000)
	<u>166.320</u>	<u>193.002</u>
Bundinn hlutdeildarreikningur:		
Staða 1/1	87.598.076	44.104.998
Hlutdeild í hagnaði	43.280.841	43.493.078
	<u>130.878.917</u>	<u>87.598.076</u>

Bundinn hlutdeildarreikningur er færður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Á reikninginn er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrareikning vegna hlutdeildarféлага og móttækis arðs frá hlutdeildarfélagum. Reikningurinn er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð.

Skýringar

11. Eigið fé (frh.)

	2020	2019
Óráðstafað eigið fé:		
Staða 1/1	407.081.998	400.839.654
Verðbætur á sjóð til stuðnings mjólkurframleiðslu	(717.587)	(532.688)
Hagnaður ársins	50.049.240	50.248.893
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning	(43.280.841)	(43.493.078)
Millifært af lögbundnum varasjóði	9.463	19.217
	<u>413.142.272</u>	<u>407.081.998</u>
Eigið fé samtals	<u>567.963.884</u>	<u>517.979.175</u>

12. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

Í ISK, vextir 5,2%	20.325.838
	<u>20.325.838</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2020 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2021	4.065.168
Árið 2022	4.065.168
Árið 2023	4.065.168
Árið 2024	4.065.168
Árið 2025	4.065.168
	<u>20.325.838</u>

Langtímaskuldir samtals 20,3 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2021, færðar meðal skammtímaskulda	4.065.168
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	16.260.670
	<u>20.325.838</u>

13. Viðskiptaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptaskuldir greinast þannig:		
Viðskiptaskuldir, almennar	57.126.378	57.764.551
Skuldir við fyrirtæki og stofnanir	76.739.819	69.266.889
	<u>133.866.197</u>	<u>127.031.440</u>

Skýringar

14. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Veðsetningar

Kaupfélagið hefur gefið út tryggingabréf til handa Landsbankanum hf. vegna skulda sinna að fjárhæð 50 milljónir króna með veði í fasteignum og tækjum. Uppreiknuð staða tryggingabréfsins 31.12.2020 var 100,6 milljónir króna.

Ábyrgðarskuldbindingar

Kaupfélagið hefur gengist í sjálfskuldarábyrgð til handa Landsbankanum allt að fjárhæð 17,0 milljónir króna vegna lána Reykjahöfða ehf. Uppreiknuð staða lánanna 31.12.2020 var 3,0 milljónir króna.

15. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru hlutdeildarfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Árið 2020	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskiptakröfur	Viðskiptaskuldir
Sláturhús KVH ehf. (hlutdeildarfélag)	13.342.082	10.251.641	1.044.910	0
Reykarhöfði ehf. (hlutdeildarfélag)	120.606	0	1.028.471	0
Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri	22.843.345	43.290	2.105.793	32.819.216
	<u>36.306.033</u>	<u>10.294.931</u>	<u>4.179.174</u>	<u>32.819.216</u>
Árið 2019	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskiptakröfur	Viðskiptaskuldir
Sláturhús KVH (hlutdeildarfélag)	12.749.734	9.580.415	397.023	0
Reykarhöfði ehf. (hlutdeildarfélag)	282.778	0	1.168.990	0
Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri	21.994.071	0	558.846	28.086.095
	<u>35.026.583</u>	<u>9.580.415</u>	<u>2.124.859</u>	<u>28.086.095</u>

Reykjahöfði ehf er í sameiginlegri eigu Kaupfélagsins (25%), Sláturhúss KVH ehf (50%) og annarra aðila (25%).

16. Aðrar upplýsingar

Starfsmannamál

	2020	2019
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun	142.202.759	120.173.459
Launatengd gjöld	<u>32.303.175</u>	<u>28.728.655</u>
	<u>174.505.934</u>	<u>148.902.114</u>

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 20 starfsmenn á árinu. Laun og þóknarir til stjórnenda námu 14,4 millj. kr.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.